

Miðvikudagurinn 7. maí 1997 kl. 12:15

94. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 12/1997

**Samkeppnisstaða Sumarskólans sf.
gagnvart sumarskólum reknum af opinberum aðilum**

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 21. febrúar, frá eigendum Sumarskólans sf., þar sem þeir óska eftir því að stofnunin kanni samkeppnisstöðu skólans gagnvart sumarskólum, sem reknir eru af opinberum aðilum.

Sumarskólinn sf., hér eftir nefndur kvartandi, hefur starfað í rúman einn mánuð á ári, júnímánuð, árin 1993, 1994, 1995 og 1996. Fram kemur í erindi eigenda skólans að nemendur séu einkum framhaldsskólanemendur, sem vilji flýta námi sínu. Námskröfur skólans séu þær sömu og í framhaldsskólum. Nemendum er að sögn kvartanda einungis heimilt að taka tvær námsgreinar á hverju sumri, þ.e. að hámarki sex námseiningar eins og þær eru skilgreindar í námskrá menntamálaráðuneytisins. Nemendur fá jafn margar kennslustundir og sama námsefni og tíðkist í kvöldskólum framhaldsskólanna. Ennfremur segir í erindinu að námi í Sumarskólanum sf. ljúki með prófi og séu áfangar sem teknir eru þar matshæfir í hvaða framhaldsskóla sem er.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) starfrækti sumarskóla í húsakynnum skólans árin 1990, 1991 og 1992, en vegna deilna milli stéttarfélags kennara og fjármálaráðuneytisins um launamál hætti FB við rekstur skólans sumarið 1993. Fjármálaráðuneytið taldi að ekki væri grundvöllur fyrir greiðslu launa kennara skv. kjarasamningi. Að mati kvartanda, var ástæðan sú að ljóst hafi verið að skólagjöld stæðu ekki undir launagreiðslum til kennara.

Þegar þessi staða var komin upp árið 1993, hófu tveir kennarar við FB rekstur sumarskóla undir nafninu Sumarskólinn sf., eftir því sem fram kemur í erindi eigenda skólans frá 21. febrúar sl. og fengu samþykki skólameistara FB til þess að reka skólann í húsnáðnum FB. Sumarskólinn sf. var rekinn með sama hætti árin 1994 og 1995. Árið 1996 mun skólinn ekki hafa fengið afnot af húsnæði FB, þar sem skólameistari hafi haft hug á að hefja aftur rekstur sumarskóla FB. Kvartandi kveðst þá hafa ákveðið að víkja af markaðnum, þar sem hann hafi talið að ekki væri rekstrargrundvöllur fyrir skólann, ef nemendafjöldinn skiptist milli fleiri skóla.

Í erindinu segir að það næsta sem hafi gerst í málinu hafi verið að skólanefnd hafi ekki gefið leyfi fyrir starfrækslu sumarskóla FB og muni ástæðan einkum hafa verið sú, að skólagjald sumarskóla FB hefði þurft að hækka verulega frá því sem verið hafði hjá kvartanda árið áður. Þá hafði skólagjaldið verið kr. 16.900, en tillaga skólameistara um skólagjald hafi verið kr. 22.500. Því hafi skólanefnd talið að hagsmuna nemenda væri betur gætt með því að Sumarskólinn sf. væri starfandi fremur en að FB ræki sumarskóla. Kvartandi ákvað að svo komnu máli að reka skólann sumarið 1996. Hann hafi þó ekki fengið afnot af húsnæði FB, en rekið skólann í húsnæði Háskóla Íslands.

Síðan segir í erindinu að um sama leyti hafi skólanefnd Fjölbrautaskólans við Ármúla (FÁ) ákveðið að starfrækja sumarskóla í húsnæði þess skóla. Skólagjaldið hjá FÁ hafi verið kr. 13.900, ef nemandi tók eina grein en kr. 20.500 ef nemandi tók tvær greinar. Skólagjald í Sumarskólanum sf. hefði áður verið ákveðið kr. 17.900, hvort sem nemandi tæki eina eða tvær greinar. Til þess að mæta samkeppninni frá FÁ hafi kvartandi nú boðið upp á tvenns konar verð, kr. 12.900 fyrir einn áfanga en kr. 18.900 fyrir tvo áfanga.

Ennfremur segir að FÁ hafi rekið mjög kröftuga auglýsingaherferð, en þrátt fyrir það hafi aðeins um 30 nemendur innritast þar í þrjá áfanga. Hjá Sumarskólanum sf. hafi liðlega 100 nemendur innritast í ellefu áfanga. Afkoma Sumarskólans sf. var í járnnum eftir sumarið 1996, en kvartandi telur fullvíst að tap FÁ hafi verið verulegt.

Auk þess segir í erindinu:

„Enn er kominn febrúarmánuður og undirbúningur okkar undir sumarið vel af stað farinn. Og enn berast okkur undarlegar fréttir. Skólameistari FB hefur

tilkynnt kennurum FB að hann ætli að starfrækja sumarskóla í húsnæði skólans sumarið 1997, nú með samþykki skólanefndar.

Enn á ný þurfum við að meta stöðu okkar á markaðinum. Til þess að gera okkur skýra grein fyrir því hver staða okkar er gagnvart keppinautum okkar skrifum við þetta bréf til Samkeppnisstofnunar.

Okkur er ljóst að samkeppnin er ójöfn. Annars vegar eru tvær opinberar stofnanir með fullkomna aðstöðu og vasa skattborgaranna til að seilast í ef illa fer og hins vegar undirritaðir sem verða að leggja persónulegar eigur að veði. Aðstaðan er því ekki á nokkurn hátt sambærileg.

Auk fullkominnar aðstöðu geta FB/FÁ nýtt sér starfsfólk sitt, t.d. áfangastjóra til að undirbúa námsframboð (en það hefur áfangastjóri FB einmitt þegar gert), ritara til að svara síma o.s.frv. Ennfremur geta FB/FÁ ákveðið húsaleigugjald fyrir sumarskóla sína. Þá er ljóst að skólameistarar geta ákveðið að taka á skólana tap, ef til þess kemur. Þetta tap FB/FÁ verður síðan borið af skattborgurunum. Ekkert af þessu getum við gert. Við þurfum að annast alla þessa þjónustu sjálfir og bera tapið sjálfir, ef til þess kemur.“

Kvartandi bendir síðan á að verði hagnaður af rekstri þurfi hann að greiða 40% tekjuskatt, en opinberar stofnanir þurfi ekki að greiða tekjuskatt ef hagnaður verði af rekstrinum.

Erindi fyrirvarsmanna Sumarskólans sf. var sent til umsagnar menntamálaráðuneytisins og skólanefndar FB með bréfi, dags. 7. mars, og til skólanefndar FÁ með bréfi, dags. 12. mars.

2.

Umsögn barst frá menntamálaráðuneytinu, dags. 11. apríl. Þar segir m.a.:
„Ekki er í lögum eða reglugerðum um framhaldsskóla með beinum hætti kveðið á um rekstur sumarskóla á vegum þeirra framhaldsskóla, sem starfa á vegum ríkisins. Það hefur þó ekki girt fyrir að ráðuneytið hefur veitt framhaldsskólum heimild til þess að veita kennslu á framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámsskrá utan reglulegs starfstíma skóla sbr. 3. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og utan árlegrar vinnuskyldu kennara svo sem hún er ákveðin með kjarasamningum. Einkaaðilar sem hyggjast reka skóla á

framhaldsskólastigi geta leitað eftir viðurkenningu menntamálaráðuneytisins br. 41. gr. framhaldsskólalaga nr. 80/1996.“

Í umsögninni segir að ráðuneytið hafi veitt eftirtöldum skólum ríkisins heimild til að reka sumarskóla á framhaldsskólastigi: Fjölbrautaskólanum í Breiðholti með bréfi, dags. 19. febrúar 1997 og 19. mars 1996, og Fjölbrautaskólanum í Ármúla með bréfi, dags. 9. maí 1996.

Ennfremur segir: „*Rekstur sumarskóla hefur ekki notið neinna sérstakra fjárframlega af hálfu ráðuneytisins. Hvað rekstur sumarskóla á vegum ríkisrekinnna framhaldsskóla snertir hefur verið miðað við að þátttökugjöld standi undir rekstrinum og sé óháður almennum rekstri hlutaðeigandi skóla.“*

3.

Umsögn barst frá frá skólanefnd FB, dags. 21. mars. Þar er rakinn aðdragandi að stofnun sumarskólans árið 1990 og lýst skipulagi og þeim kröfum sem skólinn skyldi uppfylla. Ennfremur segir að launadeild fjármálaráðuneytisins hafi séð um launagreiðslur, sem hafi verið samkvæmt reglum um stundakennara og að kennarar hafi verið ráðnir með sérstökum ráðningarsamningi. Sumarskólinn, sem var rekinn árin 1990, 1991 og 1992 hafi verið hluti af þjónustu FB og meirhluti nemenda verið í reglubundnu námi í dagskóla og kvöldskóla FB. Einnig segir í umsögninni að innritunargjöld hafi staðið alfarið undir öllum kostnaði við skólann og hann hafi skilað hagnaði, sem runnið hafi beint til rekstrar FB.

Vegna ágreinings milli launadeildar fjármálaráðuneytisins og Hins íslenska kennarafélags um launagreiðslur kennara sumarið 1992 hafi ekki verið unnt að halda starfseminni áfram í nafni skólans. Skólastjórnendur hafi litið á þessa misklíð sem tímabundið ástand og hafi alltaf stefnt að því að ná sáttum um rekstur sumarskólans.

Í umsögn FB kemur fram að sumarið 1993 þegar ljóst hafi verið að FB gæti ekki starfrækt sumarskóla hafi Sumarskólinn sf. tekið til starfa og fengið öll gögn sumarskóla FB, s.s skipulag kennslu, áfangalýsingar, kennsluáætlanir o.s.frv., frá skólanum án þess að greiða fyrir það sérstaklega, enda hafi verið litið svo á að um tímabundið ástand væri að ræða.

Árið 1996 tókst samkomulag milli Hins íslenska kennarafélags og launadeildar fjármálaráðuneytisins um sumarskóla FB. Ekki varð þó úr rekstri það sumar vegna ágreinings innan skólanefndar sem hafði, að því er segir í umsögn FB, áhyggjur af skólagjöldum. Gjaldið hefði átti að vera kr. 22.500 fyrir tvo námsáfanga eða sex námseiningar, sem hafi verið allnokkuð hærra en það sem Sumarskólinn sf. hafi boðið að lokum.

Fram kemur í umsögn FB að skólameistari muni reka sumarskóla í húsakynnum FB sumarið 1997 með samþykki skólanefndar. Samningur hafi verið undirritaður, þann 27. janúar 1997 milli Hins íslenska kennarafélags og launadeildar fjármálaráðuneytis. Heimild menntamálaráðuneytisins fyrir starfrækslu sumarskóla hafi verið staðfest með bréfi, dagsettu 19. febrúar 1997.

Í umsögninni segir að skólanefnd vilji að eftirfarandi komi sérstaklega fram:

- 1. „Varðandi stofnframlag sumarskóla FB er vísað til þess að innritunargjöld sumarskólans eiga að standa alfarið undir kostnaði við rekstur sumarskóla FB en það er í samræmi við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 80/1996. Þá mun sumarskóli FB afla „styrktarlína“ þ.e. fyrirtæki munu kynna starfsemi sína og þjónustu m.a. á stundatöflum sumarskólans gegn endurgjaldi. Öllum kostnaði vegna sumarskóla er haldið nákvæmlega aðgreindum frá öðrum kostnaði og utan við reglulega starfsemi FB. Kostnaður verður síðan greiddur úr þeim sjóði sem innritunargjöldin og styrktarlínur mynda.*
- 2. Sérstakur umsjónarmaður sér um sumarskóla FB. Ólafur Hauki Johnson var boðið þetta starf, en þáði ekki. Ólafur Jónsson mun því gegna þessu starfi. Allri vinnu umsjónarmanns vegna sumarskóla verður haldið aðgreindri á sérstökum rekstrarlið og verður hún greidd af innritunargjöldum. Þar sem sumarskóli FB er eðlileg útvíkkun á reglulegri starfsemi FB er það ekki óeðlilegt að sömu starfsmenn vinni við þessar tvær mismunandi rekstrareiningar skólans enda er rekstri sumarskólans haldið aðgreindum frá annarri starfsemi skólans og rekinn á öðrum tíma þ.e. í júnímánuði. Í ákvörðun Samkeppnisráðs um fjárhagslegan aðskilnað er gert ráð fyrir því að samnýting mismunandi rekstrareininga geti átt sér stað enda sé kostnaði þeirra haldið aðgreindum. Má í þessu sambandi nefna ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 2/1996 um erindi Apótekarafélags Íslands vegna sjúkrahússapóteka en þar var bent á að ef sá hluti starfseminnar, sem er í samkeppnisrekstri nýtir sér yfirstjórn, stöðdeildir, fasteignir, tölvuvinnslu*

eða annað sameiginlega eða með annarri starfsemi skuli greiða fyrir það eins og um viðskipti óskyldra aðila væri að ræða.

3. Að sjálfsögðu er ekki heimilt að nýta fjármagn FB til reksturs sumarskólans. Eins og áður hefur komið fram verður sumarskólinn alfarið fjármagnaður með innritunargjöldum og styrktarlínum. Kennsla mun ekki hefjast við sumarskóla FB sumarið 1997 ef innritun verður dræm. Einnig verða fámennir áfangar skornir niður. Ef ekki verður unnt að hefja kennslu við sumarskólann vegna dræmrar þátttöku verða auglýsingatekjurnar þ.e. styrktarlínurnar hagnýttar til þess að mæta þeim kostnaði sem þegar hefur fallið til vegna undirbúnings.
4. Gert er ráð fyrir því að sumarskólinn verði nefndur „sumarskóli FB“. Er það eðlilegt í ljósi þess að Menntamálaráðuneytið veitir Fjölbrautaskólanum í Breiðholti heimild til að hefja rekstur sumarskóla og gert ráð fyrir að fylgt verði námsvísi skólans og kennslutilhögun kvöldskólans þ.e. kennsluáætlanir, kennslustundir og prófkröfur eru þær sömu og í kvöldskólanum. Einnig er samið á milli launadeildar Fjármálaráðuneytisins og Hins íslenska kennarafélags í ljósi þess að um skipulega kennslu sé að ræða á þessu formi. Áfangaheiti og innihaldslýsingar á þeim áföngum sem verða í boði við sumarskóla FB er að finna í námsvísi skólans. Faglegar kröfur sumarskólans eru á ábyrgð stjórnenda FB og trúverðugleiki sumarskólans tengdur FB sem menntastofnunar.
5. Gert er ráð fyrir að skrifstofa skólans svari fyrirspurnum um sumarskóla FB s.s. um innritunartíma og afhendi stundatöflur og að greitt verði fyrir þá þjónustu með sérstökum hætti þ.m.t. símaþjónustu. Umfangið þarf að meta, m.a. verða símtöl skráð. Stjórnendur skólans hafa nokkra reynslu af þessu fyrirkomulagi. Þegar Ólafur Haukur Johnson og Pétur Björn Ólafsson leigðu aðstöðu FB undir Sumarskólann sf. var þjónusta á skrifstofu skólans tengd leigugjöldunum. Gert er ráð fyrir að leigugjöld sumarskóla FB verði með hliðstæðum hætti.
6. Samskipti sumarskóla FB við aðra þætti skólastarfs verða með þeim hætti að greitt verður fyrir alla aðstöðu, vinnulaun og annað sem fellur til sérstaklega og tengist sumarskóla FB.

7. *Um önnur afnot af húsnæði skólans í sumar er rétt að taka eftirfarandi fram: Tölvustofur, verklegar stofur í eðlisfræði, efnafræði og líffræði eru ekki margar og hætt við að komi til árekstra ef fleiri aðilar óska eftir afnotum á húsnæðinu á sama tíma. Einnig líta skólastjórnendur svo á að það sé ekki rétt að leigja húsnæði skólans undir starfsemi sem fer ekki eftir sömu kjörum og skólinn sjálfur þarf að fylgja.*
8. *Skólanefnd FB telur sumarskóla FB ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni þannig að það brjóti gegn 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þvert á móti verður að telja að því fleiri aðilar sem bjóða upp á sumarskóla því virkari verði samkeppnin með því að fleiri bjóði nám að sumarlagi.*

Stjórnendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti fagna samkeppni en vilja benda á að þeir eru bundnir samningum stéttarfélags og ríkisvaldsins sem opinber stofnun. Í þessu felst að sumarskóli FB mun greiða kennurum sínum laun skv. kjarasamningi. Sumarskólinn sf. hefur hins vegar ráðið kennara til sín sem verktaka og því á öðrum kjörum en sumarskóla FB er gert að gera. Skekkir þetta samkeppnisstöðu sumarskóla FB verulega gagnvart Sumarskólanum sf. Þá er einnig til þess að líta að FB er með rekstri sumarskóla bundinn þeim skilyrðum sem fram koma í starfsleyfi Menntamálaráðuneytisins.

Lokaorð:

Af því sem að ofan greinir þá er ljóst að Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur heimild skv. lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla og samþykki Menntamálaráðuneytisins til að starfrækja sumarskóla sumarið 1997 og mun rekstri skólans verða hagað í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Skólanefnd FB telur því ekki þörf fyrir Samkeppnisstofnun að fjalla frekar um mál þetta. Ef Samkeppnisstofnun telur hins vegar ástæðu til einhverrar frekari athugunar á erindi Sumarskólans sf. óskar skólanefnd FB eftir því að fá tækifæri til að fylgjast með framgangi málsins og koma að frekari upplýsingum og athugasemdum eftir því sem tilefni gefst til.“

4.

Umsögn barst frá FÁ, dags. 24. mars. Þar segir m.a. að þegar sumarskóli FB hafi verið lagður niður hafi FÁ þótt miður að enginn framhaldsskóli í borginni ræki sumarskóla. Skólanefnd hafi samþykkt að gera tilraun til að reka

sumarskóla og ráðuneytið veitt heimild til þess 9. maí 1996 og kjarasamningar tekist 15. maí milli skólans og H.Í.K.

Fljótlega hafi komið í ljós, að innritun hafi verið svo dreifð á einstaka áfanga að ekki yrði unnt að fara af stað nema með fáar greinar. Endanlega hafi áfangarnir orðið þrír. Kostnaður er sagður hafa orðið laun og launatengd gjöld kr. 327.632 og auglýsingar kr. 398.364, samtals krónur 725.996. Innritunargjöld hafi numið kr. 383.500. „Skólinn greiddi því í stofnkostnað kr. 367.496. Skólinn taldi sér kleift að gera þessa tilraun í ljósi þess, að tekjur af námskeiðum höfðu verið mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, auk þess sem það er stefna skólans að reyna að nýta húsnæði og tækjakost sem best“ segir í umsögninni.

5.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar áttu fund með talsmönnum FÁ þann 17. apríl, og FB, þann 21. apríl. Þar upplýstu starfsmenn Samkeppnisstofnunar m.a. að til álita kæmi að samkeppnisráð kvæði upp úrskurð um að rekstri sumarskóla fjölbrautaskóla skyldi haldið fjárhagslega aðskildum frá öðrum rekstri skólanna þar eð ætla mætti að skilyrði til slíks væru fyrir hendi í máli þessu. Fulltrúar skólanna andmæltu þessu ekki enda væri það í samræmi við þeirra vilja og í samræmi við lög um framhaldsskóla að slíkt væri gert.

II.

Niðurstöður

1.

Fram kemur í athugasemdum menntamálaráðuneytisins um erindi það sem hér er til umfjöllunar, að ekki sé í lögum eða reglugerðum um framhaldsskóla með beinum hætti kveðið á um rekstur sumarskóla á vegum framhaldsskóla sem starfræktir eru af ríkinu. Þrátt fyrir það hefur ráðuneytið veitt ríkisreklum skólum heimild til starfrækslu sumarskóla. Í 34. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla er skólunum heimilað, með samþykki ráðherra, að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra. Í 2. mgr. lagagreinarinnar segir að halda skuli kostnaði vegna slíkra námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skuli kostnaðurinn greiddur að fullu af þeim sem að námskeiðum standa í samstarfi við skólann eða með

þátttökugjöldum. Segir síðan í 3. mgr. að gera skuli samning milli samstarfsaðila og skólans þar sem gengið sé frá því m.a. að full greiðsla kostnaðar verði tryggð. Í 41. gr. laganna um framhaldsskóla segir m.a. að einkaaðilar geti stofnað og rekið skóla á framhaldsskólastigi á grundvelli viðurkenningar frá menntamálaráðherra og að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið hefur veitt tveimur framhaldsskólum ríkisins, FB og FÁ, heimild til að starfrækja sumarskóla á framhaldsskólastigi, auk þess sem Sumarskólinn sf. hefur heimild til rekstrar slíks skóla. Í heimild til handa FB sem dagsett er 19. febrúar sl. er sérstaklega tekið fram að enginn fjárstyrkur komi frá ráðuneytinu vegna sumarskólans enda geri skólinn ráð fyrir að innritunargjöld standi undir kostnaði.

2.

Af því sem að framan greinir hafa allir þeir skólar sem mál þetta varðar heimild frá yfirstjórn menntamála til að reka sumarskóla á framhaldsskólastigi. Tveir skólanna eru ríkisreknir og fá fé úr ríkissjóði til að standa undir lögbundnum rekstri. Sumarskólinn sf. er einkaskóli sem ekki fær fjárframlög frá hinu opinbera, heldur er skólagjöldum ætlað að standa undir rekstri hans. Starfræksla ríkisreknu framhaldsskólanna á sumarskólum er í samkeppni við einkarekna skólann og er skólagjöldum sumarskólanna ætlað að standa undir kostnaðinum við rekstur þeirra.

Í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er ákvæði um að samkeppnisráði sé heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar og starfar jafnframt í samkeppni við aðra aðila. Við hinn fjárhagslega aðskilnað skal þess gætt að samkeppnisreksturinn sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða vernduðu starfsemi.

Ljóst er að í máli þessu eru uppfyllt skilyrði til að beita framangreindu ákvæði samkeppnislaga gagnvart Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Skólinn þiggur fé úr ríkissjóði til að standa undir lögbundinni starfsemi og hyggst reka sumarskóla í samkeppni við Sumarskólann sf. Fjölbrautaskólinn við Ármúla mun hins vegar ekki hyggja á starfrækslu sumarskóla sumarið 1997. Sömu sjónarmið gilda þó um rekstur sumarskóla annarra framhaldsskóla, ef slíkur rekstur á sér stað í framtíðinni, og hér verða rakin og beinast sérstaklega að sumarskóla FB.

3.

Eins og áður segir er kveðið á um það í 34. gr. laga um framhaldsskóla að halda skuli kostnaði vegna námskeiða o.þ.h. hjá framhaldsskólum aðgreindum frá öðrum rekstri skólanna og skuli hann greiddur af tekjum af þeim rekstri. Ákvæði þetta er í sama anda og ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga og er þar af leiðandi til stuðnings ákvæði samkeppnislaga í máli þessu.

Í greinargerð FB vegna erindis fyrirvarsmanna Sumarskólans sf. kemur fram skýr vilji til að láta tekjur af rekstri sumarskólans standa undir öllum kostnaði við starfrækslu hans. Er í greinargerðinni vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 2/1996 um erindi Apótekarafélags Íslands vegna sjúkrahúsapóteka í þessu samhengi. Þó að vilji sé til þess hjá aðila að skilja að fjárhagslega á milli verndaðs hluta rekstrar og samkeppnishluta er engu að síður þörf á að setja bindandi fyrirmæli þar að lútandi. Með ákvörðun um fjárhagslegan aðskilnað er samkeppnisráð í raun að setja reglur um það hvernig aðskilnaði samkeppnisrekstrar og verndaðs rekstrar þurfi að vera háttað í framtíðinni til að samkeppni á viðkomandi markaði verði ekki raskað. Þess vegna verða sett fyrirmæli í þessari ákvörðun sem eiga að girða fyrir það að rekstur sumarskóla FB verði niðurgreiddur af opinberum fjárframlögum til FB.

4.

Í erindi fyrirvarsmanna Sumarskólans sf. er bent á samkeppnislegt forskot fjölbrautaskólanna við að tengja sumarskóla þeirra nöfnum stofnananna. Í því samhengi er vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 32/1996 um Útfararstofu Kirkjugarðanna. Fallast má á það sjónarmið að tengsl þau sem um ræðir kunna að vera sumarskóla FB til framdráttar. Hins vegar verður að telja að fagleg starfsemi sumarskólans sé svo nátengd hinni almennu starfsemi FB, auk þess sem sumarskólinn er einkum starfræktur fyrir nemendur úr vetrarstarfi skólans, að ekki sé efni til að gera athugasemdir við nafnatengslin.

5.

Talsmenn fjölbrautaskólanna hafa bent á að þeirra skólar hafi ríkar skyldur gagnvart kennurum og þurfi að greiða laun í samræmi við kjarasamninga þeirra og fjármálaráðuneytisins þar sem aftur á móti Sumarskólinn sf. geri verktakasamninga við þá kennara sem þar kenna. Samkeppnisráð telur það ekki varða það mál sem hér er til umfjöllunar með hvaða hætti launakjör eru hjá umræddum skólum. Skólarnir sem um ræðir hafa heimild til rekstrar

sumarskóla án þess að eiga að fá til þess opinberan fjárstuðning. Skólarnir eiga því að vera í frjálstri samkeppni við rekstur sumarskóla. Kvartandi óttast hins vegar að tengslin á milli hins lögbundna rekstrar FB og rekstrar sumarskóla stofnunarinnar geti skaðað samkeppnisstöðu Sumarskólans sf. Kostnaðarlegar eða að öðru leyti rekstrarlegar forsendur skólanna eru ekki málefni samkeppnisyfirvalda nema hvað það er hlutverk þeirra að sjá til þess að tryggt verði að skólunum sé ekki mismunað með opinberum greiðslum þannig að samkeppni geti verið virk í rekstri sumarskóla á framhaldsskólastigi.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 8/1993 mælir samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli rekstrar sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti og annarrar starfsemi Fjölbrautaskólans með eftirfarandi hætti:

- 1. Stofnuð verði sérstök eining um starfsemi sumarskólans og skal reiknishald sumarskólans vera sjálfstætt og reiknisskil vera í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga.**
- 2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning fyrir sumarskólann vegna þeirra eigna sem sumarskólanum verða lagðar til, ef einhverjar verða. Eignir skulu yfirfærðar á markaðsverði ef þess er kostur, annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.**
- 3. Skuldir sumarskólans við Fjölbrautaskólann í Breiðholti beri markaðsvexti, en óheimilt verði að sumarskólinn skuldi Fjölbrautaskólanum annað en lán vegna yfirtöku eigna í upphafi svo og lán vegna eðlilegra viðskipta.**
- 4. Sumarskólinn greiði fyrir þá aðstöðu sem sumarskólinn nýtir sameiginlega með Fjölbrautaskólanum, þ.m.t. yfirstjórn, húsnæði og vinnuafli, eins og um viðskipti milli óskyldra aðila verði að ræða.“**